

*Innflutningur á bifreið

Úrskurður nr. 3/1999.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var skemmd í Þýskalandi. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 en í úrskurði sínum dregur hann frá tollverði ætlaðan viðgerðarkostnað á bifreiðinni. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollstjóri gerir kröfu um að úrskurður tollstjóra verði staðfestur en að viðgerðarkostnaður verði ekki dreginn frá tollverði. Ríkistollanefnd staðfesti kröfur ríkistollstjóra.

Lög nr. 55/1987. 8. gr., 10. gr., 100. gr. og 101. gr. Reglugerð 374/1995, 2.-3. gr., 7.-8. gr., 10.-15. gr., 17.-21. gr.

Með bréfi, dags. 18. apríl 1999, kærir G f.h. F úrskurð tollstjóra, frá 15. mars 1999, um að hafna reikningsverði við tollafgreiðslu bifreiðar af gerðinni Nissan Patrol, Y60 A Long Dísel. Sendingarnúmer bifreiðarinnar er S-ARN-10-02-9-DE-BRV-V005. Kærandi gerir kröfu um að innkaupsverð bifreiðarinnar verði lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 15. mars 1999, segir svo orðrétt: “Bifreiðin er af gerðinni Nissan Patrol GR. Y60 A Long Dísel, árgerð 1996. Innkaupsverð er samkvæmt framlögðum vörureikningi DEM. 15.000.

Reglugerð nr. 374/1995 kveður á um að bera skuli saman reikningsverð og viðmiðunarverð í viðskiptalandinu. Verð í Þýskalandi á bifreiðum af þeirri tegund og undirtegund sem hér um ræðir er samkvæmt DAT Marktspiegel, sem er handbók um markaðsverð notaðra bifreiða DEM 31.126 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts í viðskiptalandinu og að bifreiðinni hefur verið ekið 62.844 km. Einnig hefur verið gerður verðsamanburður við uppgefið verð í Schwacke, sem er virt handbók um markaðsverð notaðra bifreiða í innkaupslandinu og var það nánast eins og uppgefið verð í DAT Markt-spiegel. Bifreiðin var gangsett og skoðuð af tollstarfsmönnum. Í ljós kom að bifreiðin hefur lent í lítilsháttar tjóni að framanverðu. Dældir eru á vélarhlíf. Framstuðari og grill er skemmt, loftnetsstöng brotin og einnig þurrkur á framljósum. Gangverk bifreiðarinnar virðist í lagi og að teknu tilliti til aldurs er hún vel með farin. Samkvæmt skýrslu tilkvaddra matsmanna er viðgerðarkostnaður á bifreiðinni, þar með taldir varahlutir kr. 97.225.-

Innflytjandi gefur m.a. þá skýringu á lágu verði bifreiðarinnar að hún hafi lent í tjóni, vegmæli hafi hugsanlega verið breytt, útlitsbreytingu á nýjustu árgerð og offramboð á bifreiðamarkaði í Þýskalandi. Ennfremur telur innflytjandi að útgefendur handbóka um markaðsverð notaðra bifreiða í innkaupslandinu þekki markaðinn ekki nægilega vel.

Með vísan til framangreinds verður framlagður vörureikningur ekki lagður til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Tollverð verður ákvarðað samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 374/95, því ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt 10. til 14. gr. reglugerðarinnar.

Frá áætluðu fob. verði dregst áætlaður viðgerðarkostnaður kr. 97.225. Fob verð bifreiðarinnar verður því kr. 1.067.237.-“

Í kæru sinni frá 18. apríl s.l. heldur kærandi því fram að hann hafi að beiðni starfsmanns tollstjóra gert bréflaga grein fyrir innkaupsverði bifreiðarinnar og tíundað þá galla, sem hann hafi vitað um að á henni væru, ásamt áætluðum viðgerðarkostnaði. Kærandi tekur það fram að hann hafi ekki séð bifreiðina nema tilsýndar á þessu stigi málsins því að hann hafi keypt hana óséða. Fram kemur að starfsmaður tollstjóra hafi ekki verið sammála þessari lýsingu kæranda og talið útlit bifreiðarinnar nokkuð gott. Kærandi fékk skoðunarmann frá Lloyd's - Könnun ehf. til að meta tjónið á bifreiðinni. Segir hann það hafa verið gert samkvæmt ráðleggingu starfsmanns tollstjóra, sem einnig var viðstaddur skoðunina. Skoðunarmaðurinn taldi upp ellefu skemmdir á bílnum, sem honum þóttu mest áberandi. Við þessa skoðun segist kærandi hafa uppgötvað að bifreiðin hafi greinilega verið sprautuð, sem gefi til kynna að hún hafi lent í tjóni. Þá segir að skoðunarmaðurinn hafi ekki treyst sér til að meta viðgerðarkostnað, þannig að líklegt verði að telja að skemmdirnar séu frekar miklar. Einnig kemur fram að skoðunarmaðurinn hafi einungis skráð skemmdir utan á bifreiðinni og ekki tekið tillit til þeirra skemmda, sem eru inni í henni. Þá segir hann að fulltrúi tollstjórans hafi staðfest að bifreiðin væri í verra ásigkomulagi en hún hefði sýnst honum við fyrstu sýn. Kærandi heldur því og fram að sá starfsmaður tollstjóra, sem með mál þetta fór, hafi þrátt fyrir þetta tjáð honum að “sér þætti bifreiðin líta vel og eðlileg út” og að vottorð frá Lloyd's – Könnun ehf. breytti engu þar um. Kærandi tekur sérstaklega fram að það var að ráði þessa sama starfsmanns tollstjóra að hann kallaði til viðurkenndan skoðunarmann. Hlutleysi skoðunarmannsins hafi verið viðurkennt og fullyrt var að mark yrði tekið á matinu.

Eftir að hann hafi reynt að útskýra mál sitt munnlega fyrir tollstjóranum kveðst kærandi hafa skrifað honum ýtarlegt bréf og útskýrt nákvæmlega hvernig kaupin hefðu átt sér stað. Hann hafi komist að því að seljandi bifreiðarinnar í Þýskalandi sérhæfi sig í kaupum og sölu á tjónabifreiðum og það komi skýrt fram á reikningi hans. Í nefndu bréfi reki hann ýtarlega feril þessara viðskipta og reyni að útskýra fyrir tollstjóra markaðsaðstæður í Þýskalandi. Hann telur að það verð, sem komi fram á svokölluðum viðmiðunarbókum, þ.e. DAT og Schwacke Liste, sé ekki hið raunverulega markaðsverð, þar sem ákveðnum stöðluðum reikniáferðum sé beitt við útreikninga verðs, þ.e. fundin séu út hlutfallsleg árleg afföll frá nývirði. Endursöluverð notaðra bifreiða sé ekki eins og gengi gjaldmiðils, sem reiknað er út af daglega með hliðsjón af meðalverði hvers selds bíls

þess dags, enda væri það ógjörningur. Þá vitnar kærandi í verð á nokkrum bifreiðum sömu tegundar, sem keyptar voru í Þýskalandi og fluttar hingað til lands og tollafgreiddar án teljandi vandræða að hans sögn.

Þá segir í kærinni að þann 15.03.1999 hafi tollstjóri sent kæranda bréf. Þar komi fram að tollstjóri hafi kvatt til “ónafngreinda” matsmenn án þess að tilkynna kæranda það. Tollstjóri telur, í nefndu bréfi, að bifreiðin hafi lent í lítilsháttar tjóni að framanverðu. Telur hann upp 6 atriði (en ekki þau 11 sem hinn löglega boðaði og hlutlaus matsmaður hafði bent á) sem eru að bifreiðinni og minnst ekki á áberandi rispur og dældir á báðum framhurðum, afturbretti v/megin hjólaboga v/megin og kornum í lakki á v/frambretti. Kærandi bendir á að einungis sé verið að tala um mest áberandi dældir og rispur, en ekki það sem sé minna áberandi á bifreiðinni. Kærandi telur að vinnubrögð tollstjóra hafi ekki verið vönduð hvað varðar tollmeðferð á nefndri bifreið. En tekur fram að hann hafi haft viðskipti við embættið á annað ár og hafi vinnubrögð þeirra ávallt verið til fyrirmyndar og þjónustan góð, því komi þessi ákveðna afgreiðsla verulega á óvart. Þá sé úrskurðað í bréfi þessu að Fob verð bifreiðarinnar skuli vera kr. 1.137.654.- í stað kr. 614.250, þ.e. ca 85% hærra verð en hún var keypt á. Kærandi kveðst hafi verið gefinn kostur á að fá bifreiðina tollafgreidda með fyrirvara um niðurstöðu kæru og án þess að réttur hans til þess að reka málið fyrir dómi, kæmi til þess, yrði skertur. Af þeim sökum og vegna þess að honum lá á að fá bifreiðina hafi hann greitt áætluð gjöld með fyrirvara og leyst bifreiðina út úr tolli. Við frekari skoðun á bifreiðinni hafi hins vegar eitt og annað komið í ljós, sem hvorki matsmaður frá Lloyd's – Könnun ehf., sem hann kvaddi til, né matsmenn, tilkvaddir af tollstjóranum, hafi tekið eftir. Telur hann að gírkassi hafi verið rifinn undan bifreiðinni og eitthvað við hann átt. Þá kveður hann framhásingu skakka, sennilega eftir árekstur, og hafi þetta ekki verið almennilega lagfært. Þá kveður hann “kram” bifreiðarinnar á bak við grillið hafi verið beyglað. Kærandi tekur fram að hann hafi hvorki reynslu af skoðun tjónabifreiða né heldur þekkingu á bílavíðgerðum. Hann hafi fyrir skoðunina með fulltrúa Lloyd's – Könnunnar ehf. ekki vitað að um tjónabifreið væri að ræða, þ.e.a.s. að hún væri haldinn fleiri göllum en útlitsgöllum. Kærandi telur að fulltrúar tollayfirvalda búi yfir reynslu í að skoða tjónabifreiðar, þar sem margar slíkar bifreiðar séu árlega fluttar til landsins. Hann hafi því talið að fulltrúi tollstjórans myndi vilja athuga ástand bifreiðarinnar gaumgæfilega til að fá sem skýrast mynd af ástæðum fyrir kaupverði hennar, þar sem skoðun hafi leitt í ljós að bifreiðin gæti hafa lent í umtalsverðu tjóni.

Kærandi telur að tollfyrirvöld hafi í máli þessu ekki skoðað gögn málsins af hlutleysi og að ekki hafi verið gætt jafnræðis við afgreiðslu þess. Hann fullyrðir að fjöldinn allur af samskonar bifreiðum hafa verið keyptar í Þýskalandi og tollafgreiddar hér á landi athugasemdalaust og nefnir í því sambandi tiltekna tollafgreiðslu á bifreið af gerðinni Nissan Patrol, árgerð 1995. Bifreiðin hafi verið í vel útbúin og í góðu lagi og hafi við tollafgreiðslu ekki verið gerðar neinar athugasemdir við fob. verð hennar, sem nam 608.513 kr. Þetta telur hann hróplegt misræmi, sem verði að teljast óeðlilegt. Kærandi telur að gera verði þá kröfu að tollstjóri upplýsi hvaða leyndu verðmætum bifreið sú, sem hér er til umfjöllunar, búi yfir, sem útskýrir það að hún sé um 60% dýrari en aðrar óskemmdar bifreiðar sömu tegundar. Sextán ára reynsla sín í bifreiðakaupum staðfesti að tjónaferill, lakkskemmdir og beyglur stuðli ekki að verðhækkun bifreiðar. Að hans mati hafi tollstjóri í þessu máli t.d. ekki haft til hliðsjónar kaupverð á samskonar bifreiðum frá árinu 1998 og það sem af er árinu 1999.

Loks telur kærandi að svo virðist sem fulltrúar tollstjóra hafi reynt að gera sem minnst úr bagalegu ástandi bifreiðarinnar og hafi kallað til “nafnlausu” matsmenn eftir að hann hafði fengið hlutlausan aðila til verksins að ráði fulltrúa tollstjóra. Honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur hina “leynilegu” athugun tollstjóra og þannig girt fyrir að hann gæti komið á framfæri ábendingum. Vegna niðurstöðu matsmanna þeirra, er tollstjóri kvaddi til, um að viðgerðarkostnaður ásamt varahlutum á bifreið kæranda næmi 97.225 krónum upplýsti kærandi jafnframt að samkvæmt samtali við starfsmann Ingvars Helgasonar hf., umboðsmanns Nissan Patrol á Íslandi, þá kosti þeir varahlutir í bifreiðina, sem ekki er deilt um í málinu, (framstuðari m. hliðahornum kr. 40.000., grill kr. 25.000, báðar þurrkur á framlugtir kr. 18.400 og loftnetstöng kr. 7.000), samtals 90.400 kr.

Kæran var send ríkistollstjóra til umsagnar. III. til V. kafli kröfugerðar hans, dags. 5. maí 1999, hljóðar svo:

“Um tollverð fer eftir ákvæðum IV. kafa tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 10. gr. laganna er fjármálaráðherra falið að setja nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Jafnframt er ráðherra heimilað að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur, m.a. þegar ástæða þykir til þess að draga í efa sannleiksgildi vörureikninga. Slíkar reglur setti ráðherra með reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sbr. reglugerð nr. 457/1995 um breytingu á henni.

Við ákvörðun tollverðs innfluttra vara skal tekið mið af viðskiptaverðinu, þ.e. því sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna, sbr. 1. mgr. 8. gr. tollalaga og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Tollstjóra er heimilt að hafna reikningsverðinu ef hann telur að það gefi ekki rétta mynd af því sem sennilegt þykir að raunverulega hafi verið greitt fyrir vöruna, sbr. 2. mgr. 10. gr. tollalaga þar sem gert er ráð fyrir mati tollstjóra á sannleiksgildi þeirra reikninga sem lagðir eru fram við tollafgreiðsluna, sbr. einnig ítarleg ákvæði reglugerðarinnar um tollverð og tollverðsákvörðun. Þegar ekki verður byggt á reikningsverðinu kemur til kasta ákvæða reglugerðarinnar um ákvörðun tollverðs.

Í 17. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun segir að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð ökutækis, eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjólum, saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt og í 18. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um að ríkistollstjóri skuli láta tollstjórunum í té upplýsingar um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá. Við verðsamanburð var stuðst við upplýsingar úr ritinu DAT Marktspiegel. Í ljós kom að markaðsverð bifreiða sömu gerðar, samkvæmt upplýsingum úr fyrrnefndu riti, nemur DEM 31.126.- og hefur þá verið tekið tillit til aksturs bifreiðarinnar og virðisaukaskatts í viðskiptalandinu. Munurinn nemur um 53%. Ritið DAT Marktspiegel er gefið út af hlutlausum eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart og notað í Þýskalandi sem blaðsíða 2/4

grundvallarrit um verð notaðra bíla þar í landi. Ríkistollstjóri vísar til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 14/1997 þar sem segir: “Nefndarmenn hafa enga ástæðu til þess að rengja þær upplýsingar sem koma fram í nefndu riti. Þeir hafa gert útreikninga til að sannreyna upplýsingar úr ritinu og virðast í flestum tilfellum verðin í DAT í fullu samræmi við auglýst verð á þýskum markaði.

Ríkistollstjóri fellst á það mat tollstjóra að rétt hafi verið að draga reikningsverðið í efa þar sem svo mikið bar í milli. Þar sem ekki þótti fært að beita samanburðarreglum 10.-14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina var ákveðið að beita 20. gr. reglugerðarinnar. Það skal tekið fram að ökutækin sem kærandi nefnir í bréfi sínu til ríkistollanefndar eru ekki sambærileg vegna þess að um er að ræða eldri árgerðir sem eru eknar mun meira.

Ríkistollstjóri telur einnig að framkomnar skýringar kæranda réttlæti ekki umræddan mun á reikningsverði og viðmiðunarverði. Það kemur fram í vottorði skoðunarmanns, dags. 2. mars sl., útgefnu að beiðni tollstjóra, að ætlaður kostnaður við viðgerð og varahluti nemi 97.225,-. Það var ekki unnt að byggja á vottorði Lloyd's – Könnunar ehf., dags. 1. mars sl., sem aflað var fyrir tilstilli kæranda, þar sem í engu var minnst á væntanlegan kostnað við viðgerð bifreiðarinnar. Þess vegna var nauðsynlegt að kalla til hlutlausan skoðunarmann á ný, sbr. nefnt vottorð frá 2. mars sl. Þess skal þó getið að hinir tilkvöddu skoðunarmenn eru sammála í flestu um þau atriði sem þarfnast lagfæringa. Kærandi nefnir að eftir tollafgreiðslu bifreiðarinnar hafi frekari bilanir komið í ljós en styður mál sitt ekki frekari gögnum. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka tillit til þeirra. Að þessu virtu er ekki unnt að fallast á það með kæranda að ætlaðar skemmdir á bifreiðinni skýri hið umtalsverða frávik á milli reikningsverðsins og viðmiðunarverðs skv. DAT Marktspiegel.

Í úrskurði sínum dregur tollstjóri áætlaðan viðgerðarkostnað frá reiknuðu FOB verði ökutækisins. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Það eru engin ákvæði um lækkun á reiknuðu verði samkvæmt ofangreindri reglu, hvorki í tollalögum né reglugerðunum um tollverð og tollverðsákvörðun.

IV.

Líkt og áður sagði þá fól skoðunargerð Lloyd's-Könnun ehf. ekki í sér fullnægjandi upplýsingar þar sem skoðunarmaðurinn lagði ekki mat á líklegan viðgerðarkostnað. Til þess að ráða bót á þessum annmarka leitaði tollstjóri til óvilhalls skoðunarmanns til þess að fá betri mynd af þeirri viðgerð sem hugsanlega var þörf en tollyfirvöldum er heimilt að skoða og rannsaka allar þær vörur sem flytjast til landsins, sbr. 45. gr. tollalaga, m.a. til þess að sannreyna upplýsingar sem lagðar eru fram við tollafgreiðsluna. Það kann að vera ljóður á málsmeðferð tollstjóra að kæranda var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina en ekki slíkur að hann eigi að leiða til breyttrar niðurstöðu.

V.

Með vísan í framantalið og að öðru leyti með vísan til hins kærða úrskurðar tollstjóra, er þess krafist að hann verði staðfestur þó með því frávikum að áætlaður viðgerðarkostnaður skal ekki dreginn frá reiknuðu FOB verði ökutækisins skv. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun með síðari breytingum og tollverðið því ákvarðað kr. 1.236.337,- sbr. fylgiskjal með úrskurði tollstjóra.”

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð ríkistollstjóra í málinu til umsagnar kæranda í ábyrgðarpósti þann 11. maí sl. og var honum gefinn ákveðinn frestur til að tjá sig um kröfugerðina. Kærandi sendi nefndinni ekki umsögn um kröfugerð ríkistollstjóra innan frestsins.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málsskjöl og kynnt sér framlögð gögn. Í málinu er eins og að framan greinir deilt um tollverð á bifreið af gerðinni Nissan Patrol, árgerð 1996. Innkaupsverð bifreiðarinnar nam samkvæmt framlögðum reikningi DM 15.000.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. til 14. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar, þ.e. 16. til 24. gr. hennar, er að finna sérákvæði um innflutning ökutækja.

Fallast verður á þá mat tollyfirvalda að ekki hafi verið tók á að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina, þar sem ekki hafi verið lögð fram gögn eða aðrar upplýsingar um sambærilegar bifreiðar. Þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. til 14. gr., er svo mælt fyrir í 20., sbr. 15. gr. reglugerðarinnar, að tollverð skuli vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs

ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber ríkistollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri lagt tollstjórum til ritið *DAT Marktspiegel*, sem er gefið út af eftirlitsaðilum þýska bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart og notað um allt Þýskaland, sem grundvallarrit um verð notaðra bifreiða þar í landi. Kærandi þykir ekki hafa sýnt fram á það að upplýsingar þær, sem þar er að finna, séu ekki nægjanlega áreiðanlegar. Var tollstjóra því rétt að leggja þær til grundvallar við tollafgreiðslu á bifreið þeirri, sem hér um ræðir.

Ljóst er að reikningsverð bifreiðar þeirrar, sem hér er fjallað um, er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu *DAT Marktspiegel*, útgefnu í sept. 1998. Munur þessi nemur a.m.k. helming. Þó að reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda, en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsvert verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Eins og rakið var hér að framan skýrir kærandi þennan mun þannig að líklega hafi bifreiðin orðið fyrir umtalsverðum skemmdum, sem skýri hið lága kaupverð hennar. Eins og áður er komið fram mun hann hafa keypt bifreiðina frá Þýskalandi án þess að hafa haft aðstöðu til þess að kynna sér ástand hennar. Í því efni treysti hann á upplýsingar um ástand hennar, sem hann fékk símleiðis.

Svo sem að ofan er rakið kvaddi kærandi skoðunarmann frá Lloyd's – Könnun ehf til þess að skoða og meta ástand bifreiðarinnar. Í vottorði hans frá 1. mars 1999 er að finna lýsingu á skemmdum á bifreiðinni en hins vegar ekki mat á kostnaði við nauðsynlegar viðgerðir á bifreiðinni. Því var eins og mál þetta er vaxið ekki hægt að byggja á því. Í vottorði skoðunarmanns, sem tollstjóri kvaddi til, dags. 2. mars 1999, kemur fram að áætlaður viðgerðarkostnaður ásamt kostnaði við varahluti nemi 97.225 kr. Þrátt fyrir að kærandi dragi þetta mat í efa hefur hann hvorki lagt fram gögn eða haldbærar upplýsingar, sem þykja nægja til þess að hnekkja matinu. Þó finna verði að því að tollstjóri hafi ekki gefið kæranda kost á því að vera viðstaddur skoðunina þykir sá ágalli á málsmeðferðinni ekki nægja til þess að víkja málinu til hliðar. Að þessu virtu verður ekki fallist á það með kæranda að ætlaðar skemmdir á bifreiðinni skýri hinn umtalsverða mun, sem er á reikningsverði hennar annars vegar, og viðmiðunarverði hennar skv. *DAT Marktspiegel* hins vegar.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og í ljósi þess hve frávik á reikningsverði og markaðsverði bifreiðar þeirrar, sem hér um ræðir, samkvæmt ritinu *DAT Marktspiegel* er umtalsvert verður að mati nefndarinnar að fallast á það með ríkistollstjóra að framkomnar skýringar á hinum mikla mun dugi ekki til þess að skýra þennan mikla mun. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla reglugerðar 374/1995 ekki hægt að fallast á þá kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni að fjárhæð DM 15.000.- verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar. Jafnframt er fallist á það með ríkistollstjóra að hvorki tollalög nr. 55/1987 né ákvæði V. kafla reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun gera ráð fyrir því eða mæla fyrir um að lækka skuli FOB verð viðkomandi ökutækis um áætlaðan viðgerðarkostnað þegar viðmiðunarverð við tollafgreiðslur er reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Því ber með vísan til 21. gr. nefndrar reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun að ákvarða tollverðið sem kr. 1.236.337.

Samkvæmt framanrituðu og með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 15. mars 1999 um að hafna reikningsverði bifreiðarinnar Nissan Patrol GR. Y60 A Long Dísel, árgerð 1996, sem flutt var til landsins í febrúar 1999 á sendingarnúmeri S-ARN-10-02-9-DE-BRV-V005 er staðfestur að öðru leyti en því að tollverð bifreiðarinnar ákvarðast kr. 1.236.337 í stað kr. 1.137.654.